

EFTIRMÁLI eftir Ásgeir Jónsson¹⁹⁰

Drakúla í Bjarnarhöfn

Það hefur verið haustið '78 eða '79 – ég man ekki hvort – þegar ég sá fyrst mynd með Drakúla í sjónvarpinu. Ég var átta eða níu ára og bjó í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi. Kvikmyndin fyllti mig köldum óhugnaði sem sat í mér. Myrkrið er mikið í sveitinni í skammdeginu og getur lagst þungt á lítið fólk með of stórt ímyndunarafl. Ég hafði lengi verið myrkfælinn og hafði kynnst íslenskum draugum í gegnum bækur, en þessi erlendi vágestur í sjónvarpinu kom mér í opna skjöldu. Og svo fóru líka vofeiflegir atburðir að gerast.

Kötturinn klóraði mig á hálsinum daginn eftir vegna einhverra atvika er ég hef nú gleymt. Þessi köttur bar nafnið Brandur og var svo sem hið mesta meinleysisgrey. Hann hélt til í fjárhúsunum og gat verið heldur úrillur enda tekinn að reskjast. Hann hins vegar klóraði mig á hálsinum einmitt á þeim stað sem greifinn beit fórnarlömb sín og saug úr þeim blóð. Eldri bróðir minn kom strax með þá kenningu, að kötturinn gengi erinda greifans hvasstennta og hefði nú markað mig til bits. Síðan myndi greifinn líta við einhverja nóttina og bíta í klóförin. Fyrir mér hljómaði þetta sannfærandi. Kvikmyndin hafði sýnt svart á hvítu að Drakúla hafði vald yfir dýrum og gat skipað þeim til. Það var líka eitthvað svo dýrslegt við Drakúla, sem var tenntur líkt og köttur, og Brandur þurfti ekki annað en geispa til að sýna beittar vampýrutennur. Ég hafði einnig nokkrum sinnum gripið Brand við að leika sér að mús á fjárhúsgólfinu, en hver sem hefur séð slíkar aðfarir hjá veiðiketti getur ekki efast um þá ómælis grimmd, sem býr í kattarsálinni.

Við þetta losnaði ímyndunaraflið úr öllum viðjum. Ég fór að eiga erfitt um svefn af ótta við heimsóknir frá Drakúla. Ég bar mig ekki upp við fullorðna vegna þessara vandræða minna. Þess í stað fór ég eftir hinu gamla máltæki, að til að geta sigrað óvin sinn, verður þú að þekkja hann. Ég ákvað því að kynna mér hinn illa greifa. Afi og amma bjuggu í næsta húsi og bókasafn þeirra spannaði vítt svið, en þau sérhæfðu sig samt fremur í innlendum óhugnaði en innfluttum. Þar mátti finna nokkuð mikið úrval af íslenskum draugasögum, sem ég hafði þegar lesið mér til skelfingar. Raunar er Snæfellsnes mjög ríkt af sögum um „ódauda“ drauga sem gengu aftur og hrelldu bæði menn og skepnur. Til þess að ráða niðurlögum þessara drauga varð að hálshöggva þá og leggja höfuð við rass þeirra, nú eða brenna þá til kaldra kola fjarri mannabyggðum. Þóttist ég heldur vanbúinn til slíkra aðgerða, sem ég hafði lesið um í *Eyrbyggju*.

Samt sem áður mátti finna eitt og annað um greifann tannhvassa hjá afa og ömmu. Ég sá að hann óttaðist mjög guðsorð og trúarleg tákn. Greip ég því til þess ráðs, að taka Nýja testamentið með mér í rúmið og sofa með það í fanginu. Gafst það vel. Það var síðan enn betri fjandafæla að lesa í hinni helgu bók. Því meira sem ég las, dvínaði ótti minn við Drakúla. Bréf Páls postula til kristinna manna í rómverskum og grískum borgum eru heldur hörð undir tönn fyrir níu ára dreng, en Bókinni lauk ég samt og náði jafnframt ótta mínum á viðráðanlegt stig, en hafði þó lengi beyg af vampýrum eftir þetta. Enn þann dag í dag senda góðar blóðsugumyndir seiðandi hrylling niður eftir bakinu á mér. Kötturinn Brandur hvarf síðan stuttu eftir þetta. Sögðu sumir, að hann hefði lagst út, en aðrir töldu, að hundarnir hefðu náð honum. Á bænum voru fimm hundar er voru hertir af tíðum minkaveiðum og virtust ávallt gruna Brand greyið um græsku og sátu um hann.

Í heimildaleit minni um vampýrur í Bjarnarhöfn forðum daga varð einmitt fyrir mér þessi bók, *Makt myrkranna*, þýðing Valdimars Ásmundssonar ritstjóra á *Dracula* eftir írsku rithöfundinn Bram Stoker. Þessi þýðing virðist hafa horfið í

haf gleymiskunnar h rlendis og flokkast n  sem f g eti hj  fornb ks lum. H n er þ  merk fyrir margra hluta sakir og vel þess virði að henni s  haldið til haga. *Makt myrkranna* er d migerð „neðanm lssaga“, eða þydd framhaldssaga, þar sem þyddandinn hefur tekið s r mj g v dt ekt sk ldaleyfi til að krydda s guna að smekk  slenskra lesenda. Sk ldaleyfið, sem Valdimar t k við þyddingu s gunnar, var svo v dt ekt að hann er   rauninni meðh fundur fremur en þyddandi. Nafnið sj lft gefur þetta til kynna, en *Makt myrkranna* er frasi eða klisja  r kristilegu l kingam li, en var   d gum Valdimars orðið slanguryrði   d gurumr ðu er gjarnan var beint að p litiskum andst ðingum.

Sem neðanm lssaga er *Makt myrkranna* minnisvarði um gamla og  tდაუბა b kmenntagrein, eða gamalt þr unarstig    slenskri b kmenntas gu  ður en fyrsta kynsl ð  slenskra sk ldsagnah funda hafði n ð   vaxa  r grasi   fyrstu  ratugum tuttugustu aldar. Þ  m ttu neðanm lss gur lesþ rf þj ðarinnar. Það   vera skapandi þyddandi er s ðan n sta skrefið   undan þv ,   skrifa sj lfur s gu eftir erlendri form lu eða fyrirmynd, en með  slenskt s gu svið. Það er til   mynda engin tilviljun,   fyrsta kynsl ð sk ldsagnah funda h rlendis voru einmitt blaðamenn – menn eins og Einar Hj rleifsson Kvaran, J n Trausti,  lafur Friðriksson og svo m tti  fram telja – sem h fu   skrifa  slenskar s gur   neðanm lst il. Það var s ðan ekki fyrr en með n stu kynsl ð þar   eftir,   frumleg  slensk sk ldsagnaritun sk tur upp kollinum og h fundar koma fram sem enn eru lesnir og metnir.   þessum h pi var n belsk ld  slendinga sem ekki  deins las *Makt myrkranna* s r til skemmtunar heldur notaði b kina sem efnivið   sk ldss gu s na, *Kristnihald undir J kli*.

Þar fyrir utan er það s rstakt ranns knarefni hvað Drak la greifi hefur margar tengingar við  sland. Greifinn taldi sj lfan sig af  slenskum  ttum, og var fyrst þyddur    slensku af  llum tungum lum heimsins. Hann  tti einnig t luvert margt sameiginlegt með  slenskum draugum og þegar litið er til baka er kannski ekki svo  tr legt   Brandur k ttur   Bjarnarh fn hafi unnið með honum!

H fundur Drak la

Hin upphaflega sk ldsaga, *Dracula*, var gefin  t  rið 1897 og er  n efa eitt  hrifamesta b kmenntaverk s ðari t ma. Sagan varð þ  ekki strax mets lub k. H n n ði ekki vins ldum fyrr en nokkrum  ratugum s ðar þegar Drak la greifi birtist   hv ta tjaldiru. Telst n  til, samkv mt *Internet Movie Database*,   framleiddar hafi verið 217 myndir með honum    dalhlutverki og kemst greifinn þar   annað s ti yfir mest kvikmynduðu pers nur s gunnar   eftir Sherlock Holmes (223 myndir). Þ  eru ekki taldar með þ r fj lm rgu vamp rumyndir, sem styðjast við s guna  n þess   Drak la birtist þar sj lfur. Raunar hafa vins ldir s gunnar vaxið stig af stigi og hafa sennilega aldrei verið meiri en n , við upphaf 21stu aldar. Nefna m ,   meginstef hennar ganga n  aftur   t lvuleikjum, poppmenningu og  miss konar afþreyingu, sem flestir kannast við   einu eða  ðru formi.

Bram Stoker var  rskur    tt. Hann var sonur emb ttismanns Breta, sem var b ði l terskur og hollur Englandi. Hann h f feril sinn við blaðamennsku, en f kk mikinn  huga   leikh si. Hann vakti fyrst athygli fyrir leiklistargagnr ni og kynntist   gegnum sl k skrif Englendingnum Henry Irving, sem var þ   kaflega þekktur leikari   Bretlandi. Hann fluttist s ðan til Lund na og gerðist umboðsmaður Irvings og leikh sstj ri   Lyceum-leikh sinu, sem einnig var   eigu leikarans g ðkunna. Stoker d ði Irving og m  þv  segja    vistarf hans hafi sn ist um hann með einum eða  ðrum h tti.

Stoker h f snemma   skrifa sk lds gur. Honum hefur stundum verið l kt við  pr ttamann, sem komst aldrei upp fyrir meðalmenskuna nema   einu st rm ti,

þar sem hann öllum að óvörum setti heimsmet. Stoker samdi þó nokkur skáldverk bæði undan og eftir *Drakúla*, en ekkert þeirra þykir mikils virði í dag. Lykilatriðið var því sköpun pers- óunnar greifans í Karpatafjöllum, sem er ekki aðeins ógnvaldur, villidýr og jafnvel djöfulóður, heldur einnig ákaflega háttvís og sjarmerandi aðalsmaður og góður viðræðufélagi á síðkvöldum. Sjarmi hans, framkoma hans og háttprýði, eiga sér líka raunverulega fyrirmynd í Henry Irving, sem Stoker sá fyrir sér leika greifann á sviði.

Stoker heppnaðist það með bók sinni, að gera betur með þekkt þema en aðrir, sem höfðu áður reynt að móta þennan sama efnivið og um leið skapa sagnaminni, sem hafa orðið sígild. Vampýran hafði, sem slík, læðst inn í breskar bókmenntir í ýmsum útgáfum í svokölluðum „gothic“ skáldsögum áratugum áður en Bram Stoker settist niður við að rita *Drakúla*. Hann var því að vinna á akri, sem hafði verið plægður af öðrum. Yfirleitt eru upprunaleg heimkynni vampýra talin í Suður- og Austur-Evrópu, en hafi síðan færst norður á bóginn. Hins vegar hafa flest menningarsamfélög einverjar vísanir í „ódaða“ drauga, þótt einhverju geti skakkað í smáatriðum á milli svæða. Það er heldur ekkert sem bendir til þess, að Stoker sjálfur hafi gert sjálfstæða úttekt á þjóðsögum um blóðsugur. Hafi hann gert það, hefði hann rétt eins getað leitað til heimalands síns, því írskar þjóðsögur hafa margar tilvísanir í blóðþyrstar verur.

Hægt er að lesa *Makt myrkranna* sem hrylling, erótík, reyfara eða rannsókn á innsta eðli mannsins. Það er þó *Drakúla* greifi sjálfur sem lyftir henni upp til þess, að verða varanlegt bókmenntaverk. Hægt er að líkja Stoker við Mario Puzo, sem með bók sinni *Guðföðurinn* (1969) mótaði, í samvinnu við Francis Ford Coppola með kvikmyndun sögunnar (1972), goðsögnina um hinn ítalska maffíósa fyrir síðari tíma. Allir þeir, sem síðar tókust á við sama söguefni, hlutu að taka mið af hinni sikileysku Corleone-fjölskyldu, sem Puzo skapaði. Með sama hætti hlýtur *Drakúla* að gnæfa yfir allar vampýrur, sem hafa verið skapaðar á eftir honum í bókum, kvikmyndum eða tölvuleikjum. Þær hljóta að draga dóm af honum með einum eða öðrum hætti.

Sagan er líka sögð eins og raunveruleikabáttur í sjónvarpi, sem safn af dagbókum og skýrslum til að gefa henni mjög nútímalegt yfirbragð. Hinn grandvari Breti, Jónatan Harker, skráir niður með vísindalegum hætti þær furður og þann óhugnað, sem hann verður vitni að. Þannig breytast þjóðsögur og gömul hindurvitni í nánast vísindalegan vitnisburð. Fyrir vikið verður dvöl Harkers í kastala greifans í Sjöborgalandi, Transylvaníu, að eftirminnilegri bókarsenu síðari tíma, þar sem nútíminn sækir forneskjuna heim. Í seinna hluta sögunnar er borðinu snúið við og forneskjan kemur til nútímans þegar *Drakúla* flytur til Englands til að hverfa í mergð milljónanna („the teeming millions“). Í kjölfarið er myndaður bræðralagshópur til þess að stöðva greifann – ekki aðeins vegna glæpaverka hans, heldur stafar Englandi öllu raunveruleg hættu af því að sýkjast af vam- pýrumennsku hans. Í raun er ekki hægt að halda því fram, að seinni hlutinn sé frumlegur, þar sem hér er unnið með mjög þrautreyndar formúlur um „plottið“ í sögunni. Hins vegar eru mjög djúpir undirtónar í því hvernig Bram Stoker lætur *Drakúla* höggva að ýmsum áleitnum spurningum, sem tekist var á um á dögum hans og enn í dag.

Bram Stoker sjálfur varð þó ekki mjög langlífur og lést í sömu viku og Titanic sökk, árið 1912, þá 64 ára að aldri. Því hefur verið haldið fram, að banameinið hafi verið sára- sótt (sýfilis). *Drakúla* var fyrst kvikmynduð árið 1922 undir nafninu *Nosferatu*. Kvikmyndafyrirtækið skeytti þó engu um höfundarrétt áður en bókin var notuð. Ekkja Stokers fór því í mál vegna myndarinnar og vann það mál að lokum. Hún heimtaði að hvert einasta eintak myndarinnar skyldi eyðilaggt. Þetta mál markaði vatnaskil í höfundarréttarlöggjöf á Vesturlöndum.

Uppruni Drakúla

Drakúla greifi á sér raunverulega sögulega fyrirmynd í Vlad III stjaksetjara (1431–1476), prins í Vallakíu, sem er nú hérað í Rúmeníu. Faðir hans, Vlad II, hafði verið tekinn inn í vestræna riddarareglu, „Reglu drekans“, sem konungur Ungverjalands stofnaði með þeim eidi, að berjast gegn Hund-Tyrkjanum. Eftir það skeytti Vlad II orðinu „Dracul“, sem þýðir dreki, við nafn sitt. Sonur hans Vlad III var einnig tekinn inn í regluna aðeins fimm ára gamall og bætti þá viðskeytinu „Dracula“ við nafn sitt, en það þýðir bókstaflega „sonur Dracul“.

Rúmenía, eins og við þekkjum það land í dag, var á þessum tíma milli tveggja elda, Ungverja og Tyrkja. Ungverjar reyndu með öllum ráðum að verjast framsókn Tyrkja, en urðu að lokum að láta í minni pokann, eins og kunnugt er. Þeim hefur líkast til ekki fundist Vlad II Dracul standa sig sem „drekastríðsmaður“ og boluðu honum frá völdum 1442. Hanngekkþá Tyrkjum á hönd, náðiafturvöldum með þeirra hjálp og sendi tvo syni sína sem gísla til Tyrkjasoldáns. Þar ólst Vlad III Dracula upp. Hjá Tyrkjum var prinsinn barinn til bókar og fékk hann þá ákafa óbeit á þeim.

Sinnaskipti Vlad II féllu lítt að smekk Ungverja, sem brugðust við með því að drepa hann árið 1447. Tyrkir komu þá syni hans, Vlad III, til valda í staðinn, þegar hann var aðeins 16 ára. Hins vegar um leið og tækifæri gafst snerist prinsinn gegn fósturþjóð sinni og átti eftir að reynast Tyrkjum mjög óþægur ljár í þúfu.

Tyrkir hertóku Konstantínópel, höfuðborg hins forna ríkis Austrómverja, árið 1453, þegar Vlad III var 22 ára gamall. Sá viðburður er oft talinn marka lok miðalda í Evrópu. Þeir hertu síðan á sókninni inn í Evrópu og áttu eftir að komast mjög langt áður en yfir lauk, eða allt að hliðum Vínarborgar. Vlad III hafði það fram yfir aðra evrópska herstjóra, að hafa alist upp með óvinum sínum og þekkti því herfræði og taktík Tyrkja mætavel. Hann forðaðist opna bardaga, en beitti í staðinn fyrrsátum og næturárásum. Þannig heppnaðist honum, bæði með dirfð og herkænsku, að vinna hvern sigurinn á fætur öðrum gegn ofurefli. Það var ekki fyrr en soldáninn marseraði á móti honum með Tyrkjaher árið 1462, og yngri bróður hans (sem hafði snúist til íslams við dvöl sína hjá Tyrkjum) í fararbroddi, að hann flúði til Ungverjalands. Þar var hann hnepptur í varðhald, þar til Ungverjar slepptu honum lausum nokkrum árum síðar til þess að berjast gegn Tyrkjum. Hann lést síðan í bardaga við hina hötuðu fjandmenn sína 45 ára gamall árið 1476.

Vlad III mátti með sanni kallast blóðþyrstur stríðsmaður, þar eð hann beitti ótrúlegri grimmd í átökum við fjandmenn sína, innlenda og erlenda. Tyrkir kölluðu ekki allt ömmu sína í þessum efnum, en jafnvel þeim ofbauð þegar þeir sáu hvernig prinsinn betrubætti þeirra eigin aftökuaðferðir og beitti þeim síðan gegn þeim. Þetta átti sérstaklega við um stjaksetningar sem voru eftirlæti Vlad III og fólust í því að þræða fórnarlömbin upp á yddaða viðarfleina og festa þau síðan upp, jafnvel í þúsundatali. Hins vegar bendir ekkert til vampýruhneigðar hjá tédum Vlad III.

Stoker virðist hafa lesið sér til um Vlad III samhliða því að gera land hans að söguviði fyrir bók sína. Karpatafjöll hentuðu vitaskuld vel fyrir vampýrusögu, enda fjarlægur og dulúðugur staður. Hins vegar er þessi sögulega vísan hjá Bram Stoker ekki sérstaklega djúp og kemur frekar fram sem umgjörð fremur en aðalefni. Ákvörðunin að láta bókina heita *Dracula* var til að mynda tekin á síðustu stundu, en áður hafði Stoker hugsað sér titillinn „The Un-dead“ fyrir hana.

Sá Drakúla greifi, sem Harker hitti fyrir, gæti hafa verið afkomandi Vlad III, fremur en hann sjálfur, þó að hann tali um Tyrkjastríðin eins og þátttakandi í þeim. Greifinn hefur þó ákaflega gaman af því að segja Harker frá sögu landsins og afrekum ættar sinnar. Valdimar Ásmundsson fellir þessi samtöl hins vegar að mestu út í þýðingunni og lætur greifann mun frekar ræða um alþjóðastjórnsmál og

kvennamál, eins og brátt verður vikið að.

Rúmenar sjálfir líta hins vegar á Dracula sem frelsishetju og halda því fram, að grimmdarverk hans séu stórlega ofmetin. Þeir telja, að hann hafi orðið fórnarlamb rógsherferðar þýskra innflytjenda, sem höfðu sest að í Transylvaníu og áttu í hinum mestu brösum við prinsinn. Og mikið rétt, mikið af grimmdarsögum um Drakúla koma frá bæklingum, sem téðir Þjóðverjar prentuðu og dreifðu um Evrópu. Sérstaklega er fræg þýsk koparstunga af prinsinum þar sem hann situr og snæðir í góðu yfirlæti fyrir framan skóg af stjакsettum fórnarlömbum!

Rúmenar hafa því tekið upp þykkjuna fyrir prinsinn og álíta það hina mestu móðgun, þegar útlendingar bendla hann og land þeirra við vampýrur. Á tíma Nicolae Ceaușescu einræðisherra var til að mynda bæði bannað að minnast á bók Brams Stoker um Drakúla og skipuleggja túrisma í kringum þá sögu. Ekkert bendir heldur til þess, að trú á vampýrur sé sérstakt rúmenskt fyrirbrigði, heldur er hér um ræða sam-evrópskan menningararf, sem er kominn dálítið langt frá uppruna sínum.

Aðdráttarafl Drakúla

Í þjóðsögum um vampýrur eru megin stefin ávallt þau sömu – einhver sem er dauður og grafinn snýr aftur í sínu gamla holdi, knúinn af einhvers konar fitonskrafti. Hann ásækir lifendur og sýgur úr þeim blóð til að sækja sér lífsanda og næringu. Fórnarlömb vampýra breytast síðan sjálf í blóðsugur og jafnvel er hægt að tala um faraldra, þar sem vampýrumennskan smitast á milli. Í sögum hafa vampýrur ýmsa krafta og margfalt mannsafl. Þær hræðast aftur á móti gott Guðs orð, trúartákn og sólarljós og eru gjörsamlega varnarlausar meðan þær sofa í líkkistum sínum á daginn. Þær geta heldur ekki komið inn á heimili fólks nema að vera boðið. Aðeins er hægt að sigrast á vampýrum með því að ganga að þeim í gröfum þeirra og misþyrma líkum þeirra, svo sem með því að reka viðarflein í gegnum hjartað. Vampýran er því einhvers konar millistig á milli draugs og manns, sem Valdimar kallar „manddrauga“ í þýðingu sinni, sem þarf því að drepa í annað sinn!

Vampýrumennskan er í eðli sínu útúrsnúningur eða afskræming á náðarmeðölum kirkjunnar. Í hinu heilaga altarissakramenti á *blóð Krists, bikar lífsins* að gefa hinum trúðu eilíft framhaldslíf með því, að bjarga sálinni eftir dauðann. Vampýrur hafa aftur á móti fórnað sáluhjálpi sinni gegn því, að öðlast eilíft jarðneskt líf með því, að bergja á mannsblóði. Þær verða því „lifandi dauðar“ eða „ódaðar“ (e. „living dead“ eða „un-dead“). Það hefur síðan beina skírskotun til okkar guðlausu tíma, þar sem nútímamaðurinn er – líkt og vampýran – hræddur við dauðann og vill framlengja hið jarðneska líf með öllum ráðum, en jafnframt fá sem mest út úr því með spennu, nautnum og taumleysi. Vampýrumennskan er því í rauninni spegill nútímans, þar sem líkaminn hefur fengið forgang yfir sálina.

Í bók sinni leggur Stoker gríðarlega áherslu á dýrslegt eðli vampýrunnar. Hún er í eðli sínu rándýr, eins og vígtennur hennar sýna, en hefur einnig dýrslega krafta og hvatir – getur raunar tekið á sig dýrslíki sem leðurblaka og jafnvel úlfur. Rándýrseðli hennar kemur einnig fram í því að hundar bregðast við henni sem hverju öðru rándýri. Dagbók Harkers í kastala greifans leiðir smátt og smátt í ljós, að gestgjafi hans er raunverulegt villidýr að baki siðfágunar. Til að mynda er lýsingin á því, hvernig Drakúla skriður út um svefnherbergisglugga sinn líkt og eðla, mjög áhrifarík. Dýrslegt útlit og eiginleikar sýna vitaskuld að einhverju leyti djöfullegt eðli. Hinn vondi sjálfur og árar hans voru – mikið rétt – sýndir með horn og klaufir hér á fyrri tíð. Þetta er fyllilega í samræmi við það gamla viðhorf, að náttúran væri óvinur til að sigrast á, eða jafnvel blíðka með tilbeiðslu og

fórnum á heiðinni tíð.

Hið dýrslega eðli vampýrunnar sneri þó einkum að kynferðismálum hjá Bram Stoker. Stoker sagðist hafa fengið hugmyndina að sögunni eftir martröð, þar sem þrjár kvenkyns vampýrur ásóttu hann og hann var heltekinn af bæði hryllingi og kynferðislegri spennu. Bókin má rétt eins kallast erótísk eins og hryllingssaga. Drakúla hefur vald yfir konum og veiðir þær líkt og rándýr. Hann ræðst þó ekki á þær sem nauðgari, heldur táldregur og villir úr þeim skynsemina uns þær að lokum óska þess að hann bíti þær. Þær konur, sem hann hefur bitið og síðan gefið sitt eigið blóð, breytast sjálfar í vampýrur og hömlulausar kynverur. Þær táldraga síðan og bíta karlmenn og sýkja þá af sama siðferðisbresti. Þar lá einmitt hættan, sem Bretlandi stafaði af Drakúla, að hið veikara kyn eyjanna gleymdi skyldum sínum við guð og menn og dragi síðan karlkynið niður í siðspillinguna með þeim.

Fjósadrengur að norðan kynnir Drakúla fyrir Íslandi

Bókin um Drakúla er fyrst þýdd af frummálinu yfir á íslensku, af öllum tungumálum heimsins, en hún birtist sem framhaldssaga í hálfsmánaðarritinu *Fjallkonunni* á árunum 1899 til 1900 undir nafninu *Makt myrkranna*. Næsta þýðing bókarinnar var á þýsku og kom ekki út fyrr en árið 1908, eða níu árum á eftir þeirri íslensku. Þetta sýnir vel, að vinsældir Drakúla hófust ekki á heimsvísu fyrr en greifinn birtist á hvíta tjaldirinu. *Fjallkonan* var hálfsmánaðarblað og þýðandinn var jafnframt ritstjóri blaðsins, Valdimar Ásmundsson (f. 1852 – d. 1902). Hann er nú líklega best þekktur fyrir að vera eiginmaður Bríetar Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindakonu og faðir Héðins, þingmanns, formanns Dagsbrúnar og forstjóra. Valdimar var bóndasonur úr Þistilfirði og sjálfmenntaður í orðsins fyllstu merkingu, þar eð hann hafði aldrei setið á skólabeck, utan að þiggja nokkurra vikna leiðsögn hjá sóknarpresti sínum norður þar. Honum tókst nú samt með harðfylgi að afla sér staðgóðrar menntunar og læra nokkur tungumál – þar með talda ensku.

Valdimar var ákaflega vel ritfær og hafði til að mynda séð um fyrstu alþýðuútgáfu á íslensku fornsögunum og gefið út kennslubók um íslenska málfræði. Hann náði einnig þeim einstæða árangri, að standa jafnfætis menntaelítu landsins sem ritstjóri í Reykjavík, þótt oft væri að honum sneytt fyrir að vera fjósadrengur að norðan. Til að mynda vísaði Björn Jónsson, ritstjóri *Ísafoldar* og síðar ráðherra, gjarnan til *Fjallkonunnar* sem „Fj.konunnar“ í skrifum sínum, með þeirri tvíræðu merkingu, að lesa mætti „Fjósakonnan“ út úr skammstöfuninni.

Valdimar hlýtur að hafa lagt sig eftir enskum bókmenntum fyrst hann ákvað að læra málið af sjálfum sér og því kannski ekki óeðlilegt að hann hafi gripið upp bók Brams Stoker. Hann og kona hans, Bríet, var ritstjóri kvennablaða, lögðu mikla áherslu á að kynna ýmsar nýjungar fyrir landsmönnum. Það átti að vera aðalsmerki þeirra í útgáfu. Um 1900 var einnig töluverður samgangur á milli Íslands og Englands og verslun á milli landanna. Hér voru menn á borð við Einar Benediktsson skáld er vildu losna undan áhrifavaldi Dana með því að sækja fjárfestingar til Englands. Það er samt sem áður ráðgáta hvort Valdimar hafði einhver tengsl við Bram Stoker sjálfan, sem ritaði sérstakan formála að íslensku þýðingunni. Þeir tveir áttu það helst sameiginlegt að vera blaðamenn með áhuga á leikhúsi og tengjast kvenréttindum, en móðir Stokers var þekktur femínisti. Skal þó öðrum látið eftir að kanna þau tengsl frekar. Þessi formáli var fyrir skemmstu uppgötvaður af aðdáendum hans og þykir hinn merkasti. Hann er nú farinn að fljóta með í endurútgáfum af *Dracula*.

Stoker var víðförull, þótt engar heimildir séu fyrir því, að hann hafi ferðast til heimkynna Drakúla greifa í Karpatíu-fjöllum né til Íslands. Hann virðist þó hafa

haft einhverja nasasjón af íslenska sagnaarfinum, þar eð greifinn heldur því blákalt fram í bókinni, að hann sé af íslenskum ættum, kominn af berserkjum. Berserkir, eða bjarnserkir, voru sem kunnugt er bræðralag vígamanna í norrænni heiðni. Þeir trúðu því, að þeir gætu brugðið sér í dýrsham í orrustum og gengið þannig berserksgang. Ýmsar frásagnir má finna í fornaldarsögum Norðurlanda um, hvernig þeir breytast bæði í birni og úlfa. Einnig eru ýmis minni í Íslendingasögum – svo sem í Egilssögu – um menn, sem voru *eigi einhamir*. Norrænir menn fóru gjarnan í austurveg á víkingatímanum og sigldu upp árnar er renna í Eystrasalt og inn á Svartahaf til verslunar- og vígaferða, auk þess að þjóna sem málaliðar í væringjasveitum Miklagarðskeisara (keisara aust-rómverska keisaradæmisins í Konstantínópel). Virðast Íslendingar hafa á þessum ferðum sínum komist inn á ættartré Drakúla. Ættfærslan virðist einnig snúast um það, að greifinn hafi fengið einhverja yfirnáttúrulega hæfileika, svo sem að bregða sér í dýrslíki, frá téðum berserkjum frá Íslandi, án þess að það sé útskýrt nánar. Þessum upplýsingum um framættir greifans grimma er þó algerlega sleppt í *Makt myrkranna*.

Óhætt er að segja að Valdimar hafi tekið sér töluvert skáldaleyfi við þýðingu bókarinnar. Þýðing hans sleppir að mestu frásögnum úr seinni hluta bókarinnar um búferlaflutning Drakúla til Englands og birtast þær eiginlega sem ágrip. Það kann að helgast af því, að bókin hafi einfaldlega verið of löng fyrir framhaldssögu í *Fjallkonuna*, sem var aðeins gefin út sem ein örk – það er 4 síður. Hins vegar nær skáldaleyfi Valdimars mun lengra en það, því að hann bætir við persónum og atvikum, eða sleppir úr eftir þörfum.

Drakúla og Makt myrkranna

Hinn íslenskaði Drakúla, í meðförum Valdimars Ásmundssonar, kemur fremur fram sem einhvers konar blanda af galdramanni og siðlausum vísindamanni, sem hefur beislað myrkraöflin til að öðlast vald til að drottna, fremur en sá ísmeygilegi „demón“, sem hann er á frummálinu. Hann er meira í ætt við þá Galdra-Loft og Kobba kviðristu (Jack the Ripper), þar sem sadismi eða losti brýst óhindrað fram hjá honum. Raunar minnst Stoker á „Jakob kviðristara“ í formála sínum að íslensku þýðingunni og telur raðmorð hans nokkrum árum áður vera sambærileg við illskuverk Drakúla í Bretlandi. Og í þýðingu Valdimars talar greifinn hvasstennti af miklum spenningi um myrkrið, sem stafar af Lundúnarþokunni og það skjól, sem hún gefur til glæpaverka, enda upplýsi Lundúnalögreglan aðeins 2-3% árlega af morðum í borginni: „Já, Lundúnir eru merkileg borg“, endar vampýran á að segja og sleikir út um af eftirvæntingu eftir því, að komast á staðinn. Engar slíkar vísanir í Kobba eru í upprunalegu sögunni og því hefur formálinn valdið miklum heilabrotum hjá erlendum aðdáendum þeirra Drakúla og Stokers, þegar hann hefur verið þýddur til baka á ensku. Þegar miðað er við skáldaleyfið, sem Valdimar tekur sér við þýðingu á megintexta bókarinnar, er ekki grunlaust um, að hann hafi einnig tekið sér töluvert leyfi við þýðingu formálans, eða jafnvel frumsamið hann. Ekkert skal þó fullyrt í því efni.

Drakúla Valdimars hefur einnig allt önnur áhugamál en Drakúla Stokers og vill ræða allt aðra hluti við Jónatan Harker. Á frummálinu vill greifinn helst tala um lögfræði og sagnfræði en á íslensku hefur hann kynnt sér bæði sósíalisma og anarkisma og hefur gríðarlegan áhuga á hvort tveggja. Honum verður einnig mjög tíðrætt um náttúruval Darwins, hvernig hinir sterkari eigi að drottna yfir þeim veikari. Þessi áhugi Drakúla á „ismum“ þeirra tíma fer raunar saman við áhuga Valdimars, sem skrifaði fyrstu ítarlegu úttektina á sósíalisma og anarkisma sínum hérlendis og varð einnig mjög tíðrætt um þróunarlögmálið á síðum *Fjallkonunnar*.

Drakúla kallar breskt lýðræði „skrífrelsi“ og virðist vera að undirbúa byltingu þar sem múgurinn á að vera „verkfæri í höndum hinna sterku“. Hann á í

bréfaskiptum við áhrifa- menn í öllum helstu Evrópulöndum og sendir þeim stórar peningafjárhæðir. Þannig minnir greifinn töluvert á hinn rússneska aðalsmann og anarkista, Mikhaíl Bakúnin, sem einnig yfirgaf „höllina“ heima til að taka sér bólstað í Evrópu, þaðan sem hann vildi síðan koma af stað allsherjar byltingu. En fyrir Drakúla eru þessir ismar aðeins tæki og það sem vakir raunverulega fyrir honum er að endurheimta hin gömlu alræðisvöld sem hann hafði sem lénsheerra forðum daga, auk þess að svala fýsnum sínum. Hann er því, í þýðingu Valdimars, afturganga hins gamla lénsveldis og afturhalds í Evrópu.

Í hinni upprunalegu útgáfu sögunnar var hættan, sem stafaði af Drakúla, fyrst og fremst siðspilling í kynferðismálum og undirtönn sögunnar var því erótískur. Valdimar hins vegar endurskrifar söguna sem dálitla stjórn málaádeilu þar sem greifinn er fulltrúi hins blinda frumskógarlög máls eða réttar hins sterka í Darwinskum anda, gegn mannúð, jöfnuði og lýðræði. Hættan sem stafar af honum er siðspilling í stjórn málum. Í ljósi þess sem síðar átti eftir að gerast með ýmsa isma á tuttugustu öld hafa einræður vampýrunnar í Karpatafjöllum á sér mjög ískyggilegan blæ.

Þýðing Valdimars er töluvert styttri en frumútgáfan og er sniðin niður í eins konar ástarsögu af Jónatan og Vilmu því þeirra þáttur stendur eftir þegar aðrar aðalpersónur í síðari hluta bókarinnar eru að miklu leyti felldar út. Hins vegar bætir Valdimar við ýmsum aukapersónum til þess að auka spennuna í kastalanum. Upprunalega var Drakúla einn í fjöllum ásamt þremur kvenkyns vampýrum er áreittu vesalings Jónatan Harker kynferðislega. Þessar þrjár vergjörnu vampýrur voru samt frekar ómótaðar. Tvær af þeim voru svarthærðar og nauðalíkar Drakúla sjálfum og gætu því verið dætur hans, systur eða frænkur. Ein þeirra er þó ljóshærð og virðist fara fyrir þeim þremur og hefur dirfð til þess að brúka munn við greifann. Samband þessara þriggja við greifann er í sjálfu sér ekki skilgreint, en þær koma fram líkt og hjákonur, sem hann fóðrar á börnum sem hann rænir úr nágrenninu. Harker bæði heillast og hræðist þessar konur, sem virðast orka mun sterkar á hann kynferðislega en hið staðfasta breska konuefni hans, Vilma. Með sama hætti virð- ist Drakúla hafa mun meira kynferðislegt aðdráttarafl fyrir Vilmu, en unnusti hennar, Jónatan, þegar greifinn fer síðar að ásækja hana.

Drakúla verndar Harker fyrir þessum þremur vergjörnu fylgikonum í kastalanum þar sem hann þarf á unga lögfræðingnum að halda til að sjá um búsetuflutningana til Bret- lands, en við lítinn fögnuð þeirra stallsystra. Hann lofar hins vegar að skilja Harker eftir handa þeim við brottförina. Það loforð er síðan ástæðan fyrir því af hverju greifinn skilur Jónatan eftir lifandi í kastalanum. Hvað gerist síðan eftir brottför Drakúla er ekki getið í smáatriðum, en einhvern veginn kemst Harker þaðan á brott, stórskaddaður á sál og líkama.

Valdimar slær þessum þremur vergjörnu saman í eina ljóshærða vampýru, sem er bróðurdóttir greifans og eiginkona. Hann lætur síðan fylgja með sögu um framhjáald hennar og hrapallegar afleiðingar þess. Greifinn lætur síðan falla orð, sem má skilja sem svo, að þau hjónin lifi í opnu hjónabandi og sækist eftir ástum – og blóði – annarra. Og vissulega ásækir kona greifans aumingja Harker og ærir úr honum viktoríanska siðprýðina. Þessi kvenvampýra er hins vegar skilin eftir í kastalanum, þó að hún vilji gjarnan komast með til Lundúna, en á að fá Jónatan í sárabætur. Drakúla er síðan kominn með nýjar konur upp á arminn í Englandi. Hægt er að velta fyrir sér, hvort hér sjáist áhrif frá kvenréttindabaráttu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, konu Valdimars, að hann leggur svo mikið þúður í, að skapa kvenvampýru, sem jafnvel fer að skáka Drakúla sjálfum sem hreyfiafl sögunnar.

Valdimar bætir fleiri persónum við í þýðingu sinni. Upphaflega voru hífýli Drakúla draugakastali, þar sem aðeins „ódauðir“ dvöldu. Þannig þarf greifinn sjálfur að sjá um að elda fyrir Harker og búa um rúmið fyrir hann. Valdimar lætur hins vegar greifanum í té gamla þjónustukonu, Nötru, sem er bæði heyrnarlaus og

mállaus. Ennfremur fær hann hóp af handlöngurum, sem eru loðnir og líkir öpum í útliti. Við þetta bætist síðan heill trúarsöfnuður, sem hittist í kastalanum, frammi fyrir hverjum Drakúla fremur mannfórnir með því, að bíta berar stúlkur. Hér kemur greifinn fyrir í hlutverki æðsta prests, sem sér um mannbót hjá hópi djöfladýrkenda. Hann virðist einnig vera kominn með svipaðan söfnuð í kringum í sig í Bretlandi. Ekkert af þessu á sér stoð í bók Stokers, en þessi trúarsamkoma og allt sem henni fylgir er alger uppfinning Valdimars. Hér sést því að *Makt myrkranna* er í raun og veru sameiginlegt skáldverk þeirra Valdimars og Stokers. Þessi dæmi ættu að nægja um hinn mikla mun, sem er á þýðingunni og upphaflegu skáldsögunni. Við þetta bætist einnig, að stílbrögð Valdimars Ásmundssonar eru harla ólík þeim hjá Bram Stoker. Valdimar meitlar textann og breytir hinu flúraða viktoríanska orðfæri yfir á skýra og skorinorða íslensku – málfar fornsagnanna – og lýsingar hans verða því jafnframt mun berorðari eða grafískari. Það, sem Stoker gefur í skyn með háttvísu breskum hætti, segir Valdimar blátt áfram að þeim íslenska. Þetta á sérstaklega við þegar sagan fjallar um grimmd eða losta greifans. Það skýrist að einhverju leyti af því, að Stoker var að skrifa bók fyrir breska lesendur, sem þekktu sögur af vampýrum. Hann byggir því upp spennu með því að láta Harker smám saman uppgötva og skjalfesta dýrið, sem býr í greifanum og lesendur þekkja annars staðar frá. Óheppni Bretinn er einn á valdi vampýrunnar, villidýrsins, og það kitlar lesendur. Íslendingar voru aftur á móti hvorki skólaðir í vampýrusögum né viktoríönskum mannasíðum, og neðanmálssaga í fjögurra blaða tímaritum gefur ekki færi á málalengingum. Verkefni Valdimars var að reyna að tryggja nægjanlegan spennuskammt í hvert skipti, svo lesendur hans myndu

kaupa næsta hefti af *Fjallkonunni*.

Drakúla neðanmáls

Þegar ritun fornsagna, annála og riddarasagna héraendis hafði runnið sitt skeið undir lok miðalda, sneru íslensk skáld sér nær alfarið að ljóðagerð. Þetta á sérstaklega við um rímurnar, sem tóku við nær öllu skáldlegu andrúki héraendis í um 300-400 ár, eða allt fram á níttjándu öld. En jafnvel eftir að nútíminn fór loks að hefja innreið sína hér á landi, var það ekki fyrr en komið var fram á annan og þriðja tug tuttugustu aldar að íslenskir skáldsagnahöfundar fóru að láta að sér kveða. Hins vegar var almenningur farinn að lesa skáldsögur af áfergju mun fyrr og fyrst íslenskir skáldsagnahöfundar létu á sér standa, fullnægði hann lesþörfinni með þýðingum á erlendum sögum. Þær voru gjarnan fram- haldssögur, sem birtust neðanmáls í blöðum og tímaritum, og síðan sérprentaðar í ódýrum útgáfum á dagblaðapappír. Blaðaútgáfa færðist gríðarlega í vöxt undir lok níttjándu aldar og um aldamótin voru ekki aðeins gefin út fjölmörg blöð í Reykjavík, heldur komu einnig út blöð á flestum helstu þéttbýlisstöðum landsins.

Þessi blöð birtu ótrúlegan fjölda af þýddum erlendum sögum af ýmsu tagi. Ritstjórnarnir voru misvandir að virðingu sinni, þegar þeir völdu úr heimsbókmenntunum til að færa íslenskum lesendum, en mikið bar á formúlubókmenntum (e. genre) – svo sem glæpasögum, ástarsögum, fantasíum, löggusögum, hryllingssögum og svo framvegis. Sú gagnrýni er vitaskuld sígild, að þessi tegund sagnagerðar hafi lítið næringargildi fyrir lesendur og geri lítið annað fyrir þá en það, að leyfa þeim að flýja veruleikann um stund. Hér voru þó íslenskir blaðamenn vitaskuld ekki að finna upp hjólið, heldur voru birtingar þeirra mjög sviplíkar því, sem þekktist hjá kollegum þeirra í nágrannalöndunum. Hvað þýðingarvinnuna sjálfa snerti, virðast íslenskir blaðaskríbentar hverju sinni hafa gefið sér töluvert frelsi til þess að stytta, staðfæra og jafnvel bæta inn krassandi hlutum til að auka sölu blaðsins.

Þessir reyfarar og rómanar, sem bástust með blöðunum inn á heimili landsins,

lögðust misvel í menningarvita þess tíma, en sumir þeirra töldu mikla ógn steðja að menningarlegri heilsu þjóðarinnar af þessum sökum. Í grein, sem Benedikt Björnsson (f. 1879-1941) ritaði í *Skírni* árið 1906 og ber titilinn „Nokkur orð um bókmentir vorar“, hefur hann þungar áhyggjur af því, að neðanmálssögurnar hefðu yfirtekið skáldsagnalestur hérlendis, þar sem innlendir höfundar væru vart til staðar. Benedikt þessi varð, síðar sama ár og greinin birtist, skólastjóri Gagnfræðaskóla Húsavíkur. Hann var þess fullviss, að mikinn vöxt í blaðaútgáfu mætti rekja til vinsælda þýðdra framhaldssagna. Þegar blöðum þess tíma er flett verður ekki annað séð, en að hann hafi nokkuð til síns máls, því téðar sögur taka oft um fjórðung af prentplássi þeirra. Benedikt hélt því einnig fram, að ritstjórar blaðanna léku á „lesgirni“ almennings með því, að þýða efni, sem að miklum hluta „er einskisvert rusl og sumt verra en einskisvert, alveg gersneytt öllum skáldskap og fegurð, fjarri öllum sálfræðislegum sanni ...“. Hér eru sérstaklega nefndar til sögunnar „ógurlegar kynjasögur, stórglæpasögur, óskiljanlega uppspunnar lögregluþvælar og ótal margt þess konar góðgæti, allt fellt og smellt þannig saman að undrum sætir oft, hve höfundurinn er hagvirkur fjarstæðusmiður“.

Í þessari sömu grein ræðst Benedikt í það verk, að fjalla um neðanmálssframleiðslu einstakra blaða og leggja mat á sögurnar. Frá honum kemur því eina samtíma gagnrýnin á *Makt myrkranna* og hljóðar hún svo:

Fjallkonan flutti ýmislegt rusl og meðal annars langa sögu, „Makt myrkranna“. Hefði sú saga gjarna mátt eiga sig, og get ég ekki séð, að slíkur þvættingur hafi auðgað bókmenntir vorar.

Næsta neðanmálssaga, sem birtist í *Fjallkonunni* á eftir *Makt myrkranna*, var skandinavísk, *Hefndin*. Nú ber svo við, að húsvíski skólastjórinn gaf þeirri sögu sín bestu meðmæli í téðri grein sinni: „Saga þessi er góð og mikill fengur í henni.“ Rifjar þetta óneitanlega upp rómverska orðskviðinn: *De gustibus non est disputandum*, sem merkir, að um smekk manna er ekki hægt að deila.

Nóbelskáldið og Drakúla

Í minningabók Halldórs Laxness, *Í túninu heima* (útg. 1975), er kafli sem ber heitið „Að skrifa upp úr sér“. Þar fór Halldór yfir þær bækur, sem hann las sem barn. Hann minntist á rit Ibsens, Björnssons, fornsögur og fleira af höfuðbókmenntun Norðurlanda. Hann staldraði hvergi við, nema þegar kom að einni ákveðinni bók um ónefnda vampýru. Orðrétt segir Halldór:

Og ekki má gleyma Makt myrkranna (Bram Stoker) með hinum vinsæla draug Drakúlu greifa í Karpatafjöllum, sem ekki var síður elskaður þá en núna, og einn besti penni landsins var settur til að þýða: Valdimar Ásmundsson (útg. 1901).

Það er augljóst að Halldór hefur haft *Makt myrkranna* í höndunum er hann skrifaði þetta og sýnir færslan að hann hefði ekki aðeins haft gaman af bókinni, heldur einnig samtíðarmenn hans. En varð rithöfundurinn Halldór fyrir áhrifum af þeim félögum, Valdimari og Stoker?

Í mjög fróðlegri grein, sem Bjarni Bjarnason rithöfundur ritaði í *Lesbók Morgunblaðsins* laugardaginn 17. janúar 2004, heldur hann því fram, að sagan um Drakúla megi teljast fyrra bindið af, eða a.m.k. systrabók, *Kristnihalds undir Jökli*, sem Halldór gaf út árið 1968. Bjarni dregur aðal röksemdir sínar saman í níu atriði, sem hann segir að tengi bækurnar saman og fara þau orðrétt hér á eftir:

1. Umboðsmaður fer á heimsenda og kynnist fólki með mjög sérstök trúarbrögð.

2. Á heimsenda er fjall sem minnir á guð.

3. Á báðum stöðum er húsnæði hráslagalegt og ástand kirkjunnar bág.

4. *Báðir ferðalangar eru hálfpartinn innilokaðir með undarlegum konum sem tengjast mat.*

5. *Í báðum sögum lenda menn í því að vaka yfir líkum dauðra um nótt, og í báðum bókum er fjallað um að afhausa lík.*

6. *Beitarhúsamennirnir í Kristnihaldinu eiga það sameiginlegt með sígaunum og Slóvökum að vera sérstakur trúarhópur sem notaður er til að bera líkkistur á milli staða.*

7. *Drakúla og Úa eiga að minnsta kosti átta eiginleika sameiginlega: 1. Þau sofa bæði í kistum á köldum stað. 2. Þau eru bæði ódauðleg. 3. Þau eru bæði svo til yfirnáttúrulega fróð og vel gefin. 4. Bæði eiga til að vefja um sig þoku. 5. Bæði geta umbreytt í dýr, hvort sem það er lax eða leðurblaka. 6. Hvorki Drakúla né Úa sjást nokkurn tíma borða mat. 7. Bæði hafa mikið kynferðislegt aðdráttarafl. Og síðast en ekki síst númer 8. Þau eru lík í framan.*

9. *Ofan á þetta bætist að form sagnanna er líkt, þær enda báðar sem skýrslur um hið yfirnáttúrulega.*

Röksemdafærsla Bjarna er skörp, en hann hefur greinilega ekki lesið sömu bók um greifann grimma og Halldór – það er, *Makt myrkranna* – heldur aðeins Drakúla á frum- málinu. Það torveldar honum mjög að para saman persónur á milli bókanna. Ef *Kristnihald undir Jökli* og *Makt myrkranna* eru lesnar saman, eru líkindi milli sögupersóna svo augljós og að þær mega með sanni kallast systrabækur. Svo má raunar heita að nær allar persónur úr *Makt myrkranna* birtist aftur í bók Halldórs, en þeim er þó oft verulega umbreytt og snúið.

Umbi er augljóslega Jónatan Harker, sendiboðinn, sem skráir niður í dagbókarformi það helsta sem gerist. Úa er eiginkona Drakúla, kvenvampýran, sem Valdimar bjó til í þýðingu sinni úr hinum þremur vergjörnu vampýrum. Lýsingar á hjónabandsferðleikum hennar og Drakúla endurspeglast í *Kristnihaldinu*. Úu er einnig lýst á nær sama hátt og Valdimar lýsir þessum kvendraugi í bók sinni og til að mynda hafa þær sömu hárgreiðslu sem Halldór kallar „vinnukonuhnútt“. Bókin endar síðan eins og fyrri hluti sögunnar af Drakúla, þar sem Umbi stendur einn eftir á eyðistað með uppvakningi, sem hefur bæði heillað hann og hrætt. Hann, líkt og Jónatan Harker, kemst undan á flóttu. Vergirni vampýrunnar Úu er sett fram með dæmalaust kaldhæðnum hætti, þegar hún er látin segja við Umba, að hún hafi hrifist „svo af auglýsingu um meðal til að framkvæma lyktarlaust samræði, að ég flýtti mér að kaupa túbu.“ En draugar hljóta alltaf að óttast, að lifendur finni af þeim nályktina.

Drakúla hjá Halldóri verður að dr. Godman Sýngmann, Guðmundi Sigmundssyni öðru nafni, sem er ýmist kallaður „meistarinn“, „grösserinn“ eða „lávarðurinn“ af þjónum sínum. Í stað forneskju og galdra, notar Godman „kosmóbilógíu“, „epagógík“, „bioinduction“ og „leiðslu“ með aðstoð „stillilögmálsins“, svo eitthvað af vísindaslangri hans sé nefnt. Godman álitur, að „heiminum sé stjórnað af eintómum djöflum“, en segir jafnframt: „...djöfull er fræðiorð, formúla, sem felur í sér tiltekið efnasamband, án auka- merkinga úr stjórnmálum, trúarbrögðum eða siðaheimspeki“. Líkt og með Úu er lýsingin á útliti Godman nær hin sama og lýsingin á Drakúla í *Makt myrkranna*. Halldór virðist hafa séð Godman fyrir sér sem nútíma vampýru, eða mann, sem verður ríkur á einkaleyfum á hernaðartækni og sýgur peninga, en ekki blóð. Hann ætli sér síðan að nota þessa fjármuni til að snúa á lögmál lífs og dauða, með aðstoð vísindanna.

Handlangarar Drakúla, sem Valdimar gerði að aðstoðarmönnum við mannblót og trúarsamkomur, urðu að „beitarhúsamönnum“ hjá Laxness. Þeir eru bæði loðnir og lýsa sjálfum sér sem öpum. Þeir grýta máva og hafa yfir darwínska lífspeki greifans um það, hvernig hinir sterkari níðist alltaf á hinum veikari.

Godman kallar þá „determinanta“ og „laboranta“, og segir þá aðstoða sig við vísindalegar tilraunir. Sígaunarnir, sem eru í þjónustu Drakúla og flytja meðal annars kistu hans á milli staða, birtast sem Jódínus Álfberg, sem fer um allt á 12 tonna trukki og stelur öllum kössum, sem ekki eru vel merktir. Hann gerir ekkert nema fyrir peninga, en er samt trúr þeim, sem borga honum, jafnvel þó að þeir séu dauðir. Hnallþóra er vinnukona og matráðskona fyrir gesti hans líkt og Natra var hjá Drakúla, sem Valdimar bjó til í þýðingu sinni.

Séra Jón Prímus kemur fram eins og náttúruvættur sem fólkið í nágrenninu heitir á ef eitthvað bjátar á og færir honum fórnargjafir, rúgbrauð, rikling, hákarl og svo framvegis. Honum svipar því til Bárðar Snæfellsáss sem var verndarvættur héraðsins að fornu. Séra Jón virðist einnig bera með sér brot af Drakúla sjálfum. Hann er staðarhaldarinn á niðurníddu prestsetrinu, sem er lýst líkt og höll greifans í Karpatafjöllum. Og líkt og Drakúla, nærir Jón Prímus gest sinn á ýmsum mat, á sama tíma og þeir eiga í hrókasamræðum um ýmis málefni – þar með talið konur og hjónabönd.

Í *Makt myrkranna* er einkar athyglisvert þegar Drakúla ræðir um hjónaband sitt við Harker og segir: „Ástin á sér aldur eins og blómið á enginu; þegar hún hefur náð fullum þroska kulnar hún fljótt út. En svo kemur aftur vor, ekki sama blóm, eða af sömu rót. Þetta eru náttúruleg.“ Þetta samtal er, eins og svo margt annað í bókinni, komið frá Valdimar en ekki Bram Stoker, en síðar í bókinni verður vampýran þversaga. Hún beitir „náttúrulegunum“ á ástina, en neitar samt að viðurkenna gang lífsins með því að vilja lifa áfram ódauður í eilífu jarðnesku lífi. Þetta sést vel þegar Drakúla biður Harker um að skrásetja vísindataeki sín og talar um þau sem „verkfæri“ sem „vísindamaðurinn notar til þess að láta hina dauðu náttúru verða lifandi og hlýða sér.“ Drakúla virðist greinilega telja sjálfan sig þekkja „náttúrulegin“ nægjanlega vel til þess að geta farið í kringum þau.

Halldór snýr þessum tvískinnungi vampýrunnar upp á nútímann, þar sem menn þykjast vita allt, en skilja samt ekkert um gang lífsins og telja sig geta hafið sig upp úr sköpunarverkinu með tækni og vísindum. Eins og komið hefur fram hefur vampýran dýrslegt eðli og er raunar í liði með dýrum merkurinnar gegn manningum og siðmenning- unni. Halldór vill snúa þessu við og líta á manninn og siðmenninguna sem helsta ógnvald náttúrunnar. Dulhyggju og þjóðtrú Karpatafjallanna hefur þannig verið snúið upp í vísindahyggju og verkfræði, en markmiðið er það sama. Flýtur þar með ádeila á Bandaríkin sem merkisbera vestrænnar „siðmenningar“.

Þessi hugsun virðist vera aðal inntakið í því, sem Jón Prímus prédikar yfir Umba um „akursins liljugrös“ og hringrás náttúrunnar. Hann svarar kosmó-vísindafyrirlestri Godmans með því, að bjóðast til að segja honum söguna um blómin og býflugurnar, en doktorinn afþakkar það. Með sama hætti rekur hann til baka darwinisma Drakúla með sögunni um, hvernig snjótittlingurinn sem „vesalastur af öllum hugdettum guðs“ fær sigrað frostbylinn sem er „sterkasta afl á Íslandi“. Að lokum stendur hann yfir kistu Godmans og segir, að hann hafi ekki skilið „fabúlu“ lífsins. Hann hefur heldur engan áhuga á því að hitta uppvakninginn Úu. Fyrir honum er ástin eilíf en lífið lýtur lögmálum náttúrunnar.

Hér er ekki rúm til þess að fara í frekari samanburð þessara tveggja bóka eða bollalaggingar um boðskap þeirra. *Makt myrkranna* og bók Halldórs eru vitaskuld tvær sjálfstæðar bækur og nóbelskálidið hefur vitaskuld dregið efnivið úr mörgum öðrum áttum í skáldverk sitt. Hins vegar er mjög mælt með því við lesandann, að afloknum lestri á þessari bók hér að framan, að hann snúi sér næst að *Kristnihaldi undir Jökli*, því vart getur betri skemmtunar í bókmenntum en að sjá, hvernig persónum, atvikum og orðum frá Valdimar skýtur upp í ýmsu líki og á ólíklegustu stöðum í bók Halldórs.

Drakúla á Íslandi

Í einkar athyglisverðri grein, sem birtist í vorhefti *Skírnis* árið 2010, sýnir Ármann Jakobsson íslenskufraeðingur fram á, að nær allir draugar, sem þekktir eru héraendis fram að lúterskum tíma, væru „ódauðir“ – það er dauðar manneskjur, sem snúa aftur í fyrrum líkama sínum. Þetta eru „mandraugar“ sem liggja órotnaðir í gröfum sínum, dysjum eða haugum, en eru bláir og digrir sem naut, ef þeir eru grafnir upp. Þeir ásækja lifendur og ná þeim jafnvel í sinni flokk eftir andlátíð, svo jafnvel er hægt að tala um faraldra líkt og í Fróðárundrunum. Ármann tengir þessar afturgöngur við kynslóðaskipti og þá erfiðleika, sem þeim fylgja í gamla sveitasamfélaginu, þar sem gæði landsins voru takmörkuð. Hinir ódauðu neita einfaldlega að viðurkenna gang lífsins og víkja til hliðar þegar þeirra tími er kominn. Eigingirni er því helsta aðalsmerki hins ódauða draugs – hann neitar að gefa eftir fjármuni, lendur eða jafnvel kvonfang. Til að sigrast á þeim þarf að misþyrma líkum þeirra, skera af höfuð þeirra og leggja við þjó, eða einfaldlega brenna þá. Óþarft er, að nefna sérstök dæmi þessu til stuðnings, heldur skal aðeins vísað í sögur eins og *Eyrbyggju*, *Laxdælu*, *Grettlu* og mikinn fjölda af smærri sögum.

Þessar íslensku vampýrur þekkja ekki hvítlauk og þurfa mun meira til að gefa eftir en trjábút í gegnum brjóstið. Þær hafa ekki mannasiði eða sjarma aðalsmanna en eru samt náskyldar Drakúla greifa í Karpatafjöllum. Áhrif þessara manndrauga ná vitaskuld vel inn fyrir lúterskan tíma. Nægir þar að nefna til sönnunar þekktu manndrauga líkt og Djáknann á Myrká eða Miklabæjar-Solveigu. Það þarf heldur ekki að leita lengra en til nítjándu aldar til að finna dæmi um misþyrmingu á líkum til að hefta draugagang. Þessir „ódauðu“ draugar eru ekki jafn helteknir af kynlífi og vampýrur nútímans, sem bera enn með sér fitonskraft af þeirri kynferðisbælingu Viktoríutímans, sem Bram Stoker blés Drakúla í brjóst við sköpun hans. En hver tími kallar á sinn eigin draugagang. Ímyndunarfullir drengir á öllum tímum þurfa ávallt eitthvað til að skelfast yfir á leið sinni til manns.

En hvaða skoðun og gaman sem fólk hefur af draugum og vampýrum er ljóst, að *Makt myrkranna* er merkisgripur. Hún er mjög gott sýnishorn af neðanmálssögu, bæði hvað málfar og efnistökn snertir. Hún er einnig ein af fáum þessara sagna, sem enn þolir dagsins ljós. Hún er mjög dæmigerður blendingur erlendrar sögu, sem þýðandinn hefur „poppað“ upp með alls kyns heimatilbúnu kryddi, svo hún renni betur í lesendur. Þannig er sagan ákaflega skemmtileg heimild um þróunarsögu íslensku skáldsögunnar. Það verk er enn óunnið að gera nákvæma íslenska þýðingu af *Dracula* Brams Stokers en *Makt myrkranna* ætti samt sem áður að hafa nægjanlegan kraft til þess að skemmta íslenskum lesendum með sínum eigin rétti.